

Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 129

11. desember 2023

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans
mánudaginn 11. desember 2023 kl. 17:00.*

*Mætt voru: Bergur Þorgeirsson, Bjarki Þór Grönfeldt, Flosi Sigurðsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir,
Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.*

Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson

1. Fundur settur og fundargerð fyrri fundar borin upp til samþykktar

Formaður stjórnar bauð fundarfólk velkomið og setti fundinn. Engar athugasemdir bárust við fundargerð frá fundi nr. 128 og var hún samþykkt og undirrituð.

2. Fjárhagsáætlun

Lögð var fram fjárhagsáætlun til eins árs og til þriggja ára. Skólameistari fór yfir fjárhagsáætlanirnar. Fjárhagsáætlun fyrir 2024 og þriggja áraáætlun voru bornar undir fundinn til samþykktar ásamt neðan greindum viðauka og var samþykkt einróma.

„Í tekjuhlið fyrir árið 2024 er miðað við fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2024 sem var lagt fram á Alþingi 12. september 2023. Þar er ekki gert ráð fyrir þeirri fjölgun nemenda sem hefur orðið í MB undanfarin misseri. Í frumvarpi til fjárlaga er tekið tillit til verðlagshækkana en ekki launahækkana. Flestir kjarasamningar milli ríkis og stéttarfélaganna eru lausir á fyrri hluta ársins 2024. Þegar búið er að semja við stéttarfélagin munu í kjölfarið verða breytingar á framlaginu. Af þeirri ástæðu er ekki heldur gert ráð fyrir hækkun launa í þriggja ára áætlun Menntaskóla Borgarfjarðar. Fjárhagsáætlun verður tekin til endurskoðunar þegar fjárlög hafa verið samþykkt fyrir árið 2024.“

3. Skólastarfið

Rætt um starfsmannamál á haustönn 2023. Að þessu sinni skapast sú sérstaða að hátt hlutfall nýrra kennara hóf störf við skólann sem hefur góð áhrif á daglegt starf, en það tekur þó tíma fyrir nýja kennara að aðlagast stofnuninni og kennslunni sem fram fer. Rætt um námsmat og þær breytingar sem skólakerfið stendur frammi fyrir í heild, til dæmis með tilkomu gervigreindar.

Skólameistari kynnti þær áætlanir að Kvikun verði formlega vottuð sem FabLab stöð með þeim tækifærum og kostum sem því fylgir. Mikil tækifæri eru fólgin í þessari aðgerð fyrir skóla og samfélag og opnar á enn betra starf í Kviku. Stjórn fagnar þessum aðgerðum.



MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

Stefnt er að því að starfsfólk MB fari í námsferð til Írlands á vormánuðum og þó svo að áætlanir og skipulag sé á frumstigi fagnar stjórn frumkvæði starfsfólks, og telur að námsferð sem þessi auki gæðamál skólans.

4. Húsnæðismál

Rætt var um húsnæðismál skólans.

Samtal hefur átt sér stað á milli Borgarbyggðar, skólans og Háskólans á Bifröst um hvort mögulegt sé að innrétta skrifstofuaðstöðu fyrir starfsfólk Háskólans á Bifröst Skólameistari kynnti ákveðnar hugmyndir og var honum falið að vinna málið áfram.

5. Önnur mál

- a) Fundartímar stjórnar. Rætt var um að breyta fundartíma stjórnar MB frá síðdegi til morguns, þ.e. 8:30 á morgnana. Lagt er til að breytingin taki gildi á næsta fundi. Samþykkt einróma.

Fleira var ekki gert og fundi lauk 19:07.